



webMethods[®] express

Nú geta fleiri en hinir stærstu
nýtt sér webMethods

[webMethods Express Integration](#)

Á síðustu árum hefur sú stefna í upplýsingatæknimálum, sem byggir á samþættum upplýsingakerfum eða “Best of Breed”, orðið æ álitlegri kostur þar sem miklar framfarir hafa orðið í hugbúnaðarkerfum sem auðvelda samþættingu ólíkra og ósamstæðra kerfa og hafa upplýsingatæknistjórar í æ ríkari mæli markað sínum fyrirtækjum og stofnunum þessa stefnu.

webMethods er án nokkurs vafa sá hugbúnaður á þessu sviði sem náð hefur mestri útbreiðslu hér á landi. Flest af stærstu og framsæknustu fyrirtækjum landsins byggja í dag högun sinna upplýsingakerfa á webMethods. Það er álit þessara aðila að sveigjanleiki upplýsingakerfanna hafi aukist til muna með hinni nýju högun og öll vinna við uppbyggingu upplýsingakerfa þeirra sé nú mun skilvirkari.

Fram til þessa hefur það aðeins verið á færi stærri fyrirtækja að nýta sér þessa tækni. En nú setur Kögun, í samstarfi við webMethods, á markaðinn webMethods Express Integration sem gefur fleirum færi á að nýta sér þessa tækni við uppbyggingu sinna upplýsingakerfa.

Til viðbótar webMethods Express Integration setur Kögun nú á markaðinn tvo aðra hugbúnaðarpakka frá webMethods sem ætlaðir eru millistórum fyrirtækjum og opinberum stofnunum. Þessir hugbúnaðarpakkar eru annars vegar webMethods Express SOA Governance og hins vegar webMethods Express BPMS (Business Process Management Suite).

[webMethods Express BPMS](#)

Hin hefðbundna sýn á upplýsingakerfi fyrirtækja og stofnana er út frá kerfum. Eitt kerfi þjónar bókhaldi, annað sölu, þriðja birgðahaldi, fjórða starfsmannahaldi o.s.frv. Á undanförunum árum hefur þróast önnur nálgun á upplýsingavinnsluna þar sem sjónarhornið er á verkferlana (e. Business Process). Nýlega hafa komið á markaðinn hugbúnaðarkerfi sem gera kleift að nálgast upplýsingavinnsluna á þennan hátt. webMethods hefur að margra áliti tekið forystu á þessu sviði með nýjustu útgáfunni af sínum hugbúnaði.

webMethods Express BPMS gerir meðalstórum fyrirtækjum kleift að nýta sér þessa tækni á mjög skilvirkan og framsækinn hátt.

[webMethods Express SOA Governance](#)

Stöðugt færast í vöxt að fyrirtæki og stofnanir veiti viðskiptavinum sínum, starfsmönnum og öðrum aðgang að vefþjónustum innan viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Bæði getur verið um að ræða aðgang innan frá og ekki síður utan frá. Í báðum tilvikum, þó sérstaklega þegar um aðgang utan frá er að ræða, hefur þessi aðgangur í för með sér ýmis vandamál sem takast þarf á við en þau tengjast m.a. öryggi, afköstum og almennri stýringu á og eftirliti með þessum vefþjónustum.

webMethods Express SOA Governance er hugbúnaður sem auðveldar allt eftirlit og stjórnun á vefþjónustum m.a. með ofangreinda þætti í huga og er miðaður að aðstæðum miðlungsstórra fyrirtækja.

Þeim, sem hafa áhuga á að kynna sér í meiri smáatriðum þessar hugbúnaðarlausnir, er bent á að hafa samband við söludeild Kögunar.